



## **Verkferill – samskiptavandi milli nemenda**

### **Starfsmaður sér eða heyrir óviðeigandi hegðun eða orðbragð:**

- Starfsmaður tekur á atviki og ræðir á yfirvegaðan hátt við barn. Ef atvikið telst minniháttar er það leyst á staðnum og umsjónarkennari upplýstur um atvik og lausn. Ef um alvarlegt eða ítrekað atvik er að ræða er málinu vísað til umsjónarkennara.

### **Barn kvartar við starfsmann um samskiptavanda:**

- Starfsmaður tekur á atviki ef um minniháttar atvik er að ræða. Hafa ber í huga að starfsmaður gefi börnum tækifæri til að leysa málin. Starfsmaður tilkynnir umsjónarkennara um atvikið og lausn málsins. Ef um ítrekað eða alvarlegt atvik er að ræða er málinu vísað til umsjónarkennara sem tekur á málinu.

### **Umsjónarkennari tekur á samskiptavanda:**

- Umsjónarkennari ræðir við hlutaðeigandi börn, skoðar eðli vandans og finnur viðeigandi lausn.
- Börnin fá tækifæri til að leysa málin sjálf undir handleiðslu og eftirliti umsjónarkennara sem jafnframt sér um eftirfylgni í málinu.
- Foreldrar/forráðamenn upplýstir um lausn málsins og beðnir um að láta vita ef vandinn kemur upp aftur.

### **Ef mál leysist ekki á tveimur vikum eru aðrir aðilar kallaðir til t.d. námsráðgjafa, foreldrar og/eða stjórnendur. Hugsanlegar lausnarleiðir eru t.d.:**

- Fundur með hlutaðeigandi foreldrum.
- Fundur með hlutaðeigandi foreldrum og börnum.
- Námskeið fyrir hópinn hjá námsráðgjafa t.d. í félagsfærni, hópefli eða sjálfstyrkingu.
- Einstaklingsviðtöl hjá námsráðgjafa.
- Hópeflisvinna með umsjónarteymi.
- Samverustund með foreldrum og börnum.
- Umbunarkerfi.

### **Skráning og upplýsingar til foreldra/forráðamanna:**

Almennt gildir ef upp kemur samskiptavandi að einstök og minniháttar atvik eru ekki skráð. Ef um alvarleg og/eða ítrekuð atvik er að ræða upplýsir umsjónarkennari foreldra/forráðamenn um atvik. Umsjónarkennarar/kennarar sjá um skráningu sem varðveitt er í persónumöppu barns. Í dagbók nemanda í Mentor er skráð „Atvik skráð í persónumöppu barns“. Ef um ítrekuð atvik er að ræða safna umsjónarkennarar/kennarar saman atvikum á ákveðnu tímabili á eitt skráningarblað áður en skráning fer í persónumöppu barns og skráð er í Mentor „Atvik skráð í persónumöppu barns á tímabilinu xx.xx.xxxx – xx. xx.xxxx“.